Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2352
komudagur 18.5.2010

NORÐURORKA HF

**Nefndasvið Alþingis**
**Austurstræti 8-10**
**150 Reykjavík**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, með síðari breytingum, 514. mál.**

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið.

Norðurorku hf. gerir umsögn Samorku, Samtaka Iðnaðarins og Samtaka Atvinnulífsins um frumvarpið að sinni.

Jafnframt fylgir umsögninni, sem fylgiskjal, sérálit eins stjórnarmanns af fimm í stjórn Norðurorku hf.

Virðingarfyllst
Akureyri 17. maí 2010.
F.h. Norðurorku hf.
Franz Árnason
Franz Árnason forstjóri

**Fylgiskjal með umsögn Norðurorku hf. um frumvarp til lagaum breytingu á lögum nr. 106/2000, með síðari breytingum, 514. mál**

Sérbókun frá Kristínu Sigfúsdóttur með umsögn Norðurorku um frumvarp til laga til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Undirrituð getur ekki tekið undir það sem kemur fram í umsögn frá Samorku, SA og SI. sem rök gegn breytingum í frumvarpi til laga til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ég samþykki ekki að dregið sé úr vægi þess að meta skildar framkvæmdir samtímis. Ég álít sérstaklega mikilvægt að MÁU fari sameiginlega fram á umhverfisáhrifum á framkvæmdatíma ekki síður en á rekstrartíma. Þar á ég ekki síst við línuvegi, brúargerð, námavinnslu, sprengingar, landfyllingar, efnislosun, frágang og ef til vill hafnargerð sem fylgt gætu ákeðinni framkvæmd. Ekki síst þarf MÁU að taka til sameiginlegra mótvægisaðgerða bæði á framkvæmdar og rekstrartíma. Vitna ég þar til Árósasamningsins sem verið er að fullgilda fyrir Íslands hönd. Umhverfisáhrif af matsskyldum famkvæmdum verður að kortleggja og meta, allra hluta vegna þegar drög að matsskýrslu eru gerð.
Oft á tíðum hefur tíminn verið of naumur þegar setja þarf í ferli stórar framkvæmdir og álít ég tímann sem áætlaður er í breytingafrumvarpinu nauðsynlegan þegar mjög tímafrekar matsskýrlsur eru í vinnslu. þess vegna álít ég að sé verið að lengja vinnutímann sem MÁU ferlið þarfnast í viðamiklum, óafturkræfum framkvæmdum.

Virðingarfyllst Akureyri 13.maí 2010

Kristín Sigfúsdóttir kt.130349-4719